



Kennsluáætlun STÆR2RU05 Vor 2020

Markmið:

- Nemendur kynnist frumhugtökum Evklíðskrar rúmfræði.
- Nemendur þekki hornasummu þríhyrninga og geti notað þá þekkingu við lausn viðfangsefna.
- Nemendur læri að notfæra sér reglur um hringi og horn við þá.
- Nemendur tileinki sér reglu Pýþargórasar og reglur um einslaga þríhyrninga.
- Nemendur þjálfist í flatarmáls- og rúmmálsreikningum.
- Nemendur kynnist skilgreiningum á hornaföllum, þ.e. sínus, cosínus og tangens og reglum um þríhyrninga leiddum af þeim.

Kennslubækur og önnur kennslugögn:

- STÆ 103 eftir Jón Þorvarðarsson. Reykjavík 2012
- Ljósritað ítarefni frá kennara.
- Vasareiknir (scientific), reglustrika og gráðubogi.
- Nemendum er bent á að notfæra sér internetið t.d. myndbönd á youtube, KHAN-akademy, rasmus.is o.fl.

Námsmat:

Námsmat byggir á:

1. Árangri í lotuprófum og verkefnavinnu (30%).
2. Árangri í skriflegu lokaprófi (70%).

Vetrareinkunn reiknast inn í lokaeinkunn nemenda samkvæmt uppgefnum vægisþáttum í kennsluáætlun. Þó mun hún ekki hækka lokaeinkunn nemenda upp fyrir einkunnina 4 sé um fall að ræða hjá honum á lokaprófi.

Til athugunar:

Sérstök áhersla er lögð á að nemendur sýni vandvirkni, nákvæmni og öguð vinnubrögð við frágang. Þess er krafist að nemendur setji fram útreikninga og niðurstöður á skýran og greinargóðan máta. Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mínútur jafngildir F í viðveruskrá.

Áætlun um yfirferð í áfanganum:

Vika	Efnisatriði	Blaðsíðutal	Lotupróf
2	7. Kafli. Um horn	113-118	
3-6	8. Kafli. Þríhyrningar	119-172	LP1 6.febrúar
6-9	9. Kafli. Hringir	173-196	
9-10	10. Kafli. Flatarmál	197-216	LP2 5.mars
11-14	11. Kafli. Rúmmál. Yfirborð	241-256	LP3 2.apríl
15-18	12. Kafli. Hornaföll	217-240	LP4 30.apríl
19	Upprifjun	Allt	

Áætlunin er gerð með fyrirvara um breytingar.

Verkefnaskil og próf:

Á önninni verða lögð fyrir 4 lotupróf sem gilda 70% af annareinkunn ásamt heimadæmum og ýmsum verkefnum sem gilda 30%.

Nemandi er skylt að taka öll lotuprófin á tilsettum tíma. Sé nemandi fjarverandi þá kennslustund sem tilkynnt hefur verið um próf, tekur hann prófið við fyrsta tækifæri í samráði við kennara. Nemandi sem skilar öllum heimadæmum er virkur í tímum og nær að meðaltali 6,5 úr öllum lotuprófum og hefur annareinkunn yfir 6,5 getur ef hann vill sleppt lokaprófi.

Athugasemdir og skýringar:

Nemendur eru hvattir til að nýta sér viðtalstíma kennara, en tímasetning þeirra verður auglýst fljótlega. Nemandi skal alltaf mæta í kennslustundir með þau gögn og verkfæri sem til er ætlast. Ef út af þessu bregður getur kennari skráð **F** á viðkomandi nemanda.

F.Su. 6. Janúar 2020

Með ósk um góðan árangur á önninni.

Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir (GHG), Kristjana Sigríður Skúladóttir(KSS) og Magnús Másson(MM)